

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miðað við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgr., skulu heimtaugagjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 14. september 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um löggilding lyfjaskrár fyrir dýralækna.

168

17. sept.

Með auglýsingu nr. 72, útgefinni 14. júlí 1950, um löggilding nýrrar lyfjaskrár, samkvæmt ákvörðun forseta Íslands 13. júlí 1950, er ákveðið að Pharmacopoea Danica 1948 (Editio IX) skuli löggilt til notkunar á Íslandi frá 1. jan. 1951.

Löggilding þessi gildir um nefnda lyfjaskrá alla, með þeim viðbótum, sem út hafa verið gefnar, þar á meðal Addendum veterinarium, sem út var gefin 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Landbúnaðarráðuneytið, 17. september 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

## AUGLÝSING

um varnir gegn útbreiðslu hnúðorma í kartöflum.

169

19. sept.

### 1. gr.

Bannað er að flytja kartöflur af hinu sýkta svæði, sem talið er ná frá Mýrdalsandi um Suður- og Suðvesturland að Skarðsheiði, til annarra landshluta.

### 2. gr.

Á hinu sýkta svæði er bannað að geyma útsæði með matarkartöflum í félagsgeymslum, án þess það sé einangrað frá matarkartöflunum.

Ef útsæði er geymt í slíkum geymslum, skal því komið fyrir vandlega aðgreindu, enda sé geymslustaður sóttreinsaður áður en útsæðið er tekið til geymslu, ef geymslan hefur áður verið notuð til geymslu kartafna.

169

19. sept.

3. gr.

Menn eru alvarlega varaðir við að taka frá kartöflur til útsæðis, sem ræktaðar hafa verið á hinu sýkta svæði, nema full vissa sé fyrir hendi um, að kartöfluhnúðormma hafi ekki orðið vart á þeim stað, þar sem kartöflurnar hafa verið ræktaðar.

4. gr.

Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans er falið að gefa út reglur og leiðbeiningar um varnir gegn kartöfluhnúðormum.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með auglýsingu þessari, varða sektum frá 100—5000 krónum.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Um leið er úr gildi numin bráðabirgðafyrirmæli um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðormma, sem út voru gefin 5. september 1953.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. september 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

170

21. sept.

## AUGLÝSING

### um löggildingu á leiðréttingarmönnum áttavita í skipum.

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn til þess að leiðrétta áttavita, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Til þess að veita megi löggildingu, skal þess að jafnaði krafizt, að umsækjandi sé siglingafróður og sanni með prófi, að hann hafi bóklega og verklega þekkingu á að leiðrétta og gera við áttavita, og hafi náð lögaldri.

3. gr.

Um prófið gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Í bóklegu, að umsækjandinn hafi þá þekkingu á segulmagni og segulskekkju og á öllum þeim tækjum og áhöldum, sem nauðsynleg eru til þess að framkvæma fullkomnar áttavita- og segulskekkjurannsóknir, sem krafizt er til farmanna-prófs við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Umsækjandinn á einnig að þekkja almennar reglur fyrir staðsetningu áttavita, og helztu kröfur, sem gera skal til áttavita, hvað gæði þeirra og smíði snertir.
2. Aðaláherzlu skal leggja á verklega þekkingu. — Umsækjandinn skal sanna með vottorði áttavitasmiðs, á fullnægjandi hátt, að hann hafi næga þekkingu á að leiðrétta áttavita, gera við þá og ef unnt er, að hann hafi unnið að því að koma þeim fyrir í skipum.
3. Umsækjandinn skal sjálfur hafa framkvæmt leiðréttingar áttavita á nokkrum járn- og tréskipum.